

## Samantekt helstu þátta úr sjálfsmati GH skólaárið 2013 – 2014

Í þessu skjali er greint stuttlega frá helstu atriðum sjálfsmatsins og þeim úrbótum sem unnið verður að í framhaldi niðurstaðna. Undir hverjum lið er slóð sem vísar inn í skýrslu viðkomandi könnunar þar sem hægt er að skoða nákvæmar niðurstöður.

### Árleg nemendakönnun

Niðurstöður úr könnuninni sýna m.a. að tæpum 95% nemenda líður **vel** eða **frekar vel** í skólanum. Um 91% nemenda finnst námsþörfum sínum vera sinnt **vel** eða **frekar vel**. Um 97% nemenda finnst þeir vera í **góðum** eða **frekar góðum** bekk. Um 90% nemenda upplifa öryggi í skólanum **oft** eða **frekar oft**. 88% nemenda finnst þeir taka **mikla** eða **frekar mikla** ábyrgð á eigin námi og um 87% þeirra telja að nám þeirra í Grunnskóla Hornafjarðar undirbúi þá **vel** eða **frekar vel** undir framtíðina.

[http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/afangaskyrsla\\_3\\_-2014\\_gaedagreinar.pdf](http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/afangaskyrsla_3_-2014_gaedagreinar.pdf)

### Árleg foreldrakönnun

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja um 96% foreldra Grunnskóla Hornafjarðar vera **góðan** eða **frekar góðan** skóla. Um 77% foreldra segja **miklar framfarir** eða **talsverðar framfarir** hafi verið á skólastarfinu í heild undanfarin ár. Um 87% þeirra segja skólastarfið svara þeim kröfum **vel** eða **frekar vel**, sem eðlilegt sé að gera til skóla í nútímasamfélagi. Einnig segja um 90% foreldra að barninu þeirra líði **vel** eða **frekar vel** í skólanum. Þegar foreldrar voru spurðir að því hvort þeir gætu mælt með Grunnskóla Hornafjarðar við aðra svöruðu 92,4% **já**, en 7,6% **nei**. Um 80% foreldra telja náms- og kennsluaðferðir í Grunnskóla Hornafjarðar vera **fjölbreyttar** eða **frekar fjölbreyttar**.

[http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/afangaskyrsla\\_3\\_-2014\\_gaedagreinar.pdf](http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/afangaskyrsla_3_-2014_gaedagreinar.pdf)

### Árleg starfsmannakönnun

#### Gæðagreinir 3. 1 þátttaka starfsfólks í starfi skólans

Leiðir til úrbóta voru settar fram þar sem aðaláhersla er á að bæta skólastarfið með aukinni teymisvinnu og flæði milli starfsmanna þar sem þeir deila ábyrgð og hjálpast að. Gera starfsmannafundina skilvirkari þannig að þeir nýtist markvisst þeim sem sitja fundina og að endurmenntun starfsmanna verði einstaklingsmiðuð.

#### Gæðagreinir 5.2 kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Markmið með úrbótunum er að efla áhuga og virkni nemenda svo árangur þeirra verði betri. Einnig að nemendur séu meðvitaðri um eigið nám og taki virkan þátt í að skipuleggja nám sitt. Gera meiri kröfur á nemendur t.d. með því að vera strangari á ábyrgð nemenda varðandi skil á verkefnum og virkja þá betur í námi. Ennfremur kom fram að nauðsynlegt er að gera meiri greinarmun á nemendum sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða og þá sem eiga í námserfiðleikum. Áhugi var einnig fyrir því að hafa leshópa um einstaklingsmiðuð nám næsta vetur.

#### Gæðagreinir 5.3 til móts við námsþarfir

Leiðir til úrbóta voru settar fram. Markmiðið er að sinna námsþörfum allra nemenda og fá til starfa menntaðan sérkennara sem einnig getur sinnt ráðgefandi sérkennslu. Einnig að skipulag sérkennslunnar verði þannig að sami sérkennarinn sjái um kennslu í hverjum árgangi.

#### Gæðagreinir 5.5 væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Leiðir til úrbóta voru settar fram og snúa að því að efla jákvætt viðhorf nemenda og áhuga til námsárangurs og framfara, gera meiri kröfur til nemenda og fá þá til að bera meiri ábyrgð á námi sínu

og framkomu. Auka eftirfylgni í þeim málum sem koma upp. Efla jákvæð samskipti í skólasamfélaginu sem byggja á grunni gagnkvæmrar virðingar þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð. Hrósa meira nemendum og okkur sjálfum.

### Gæðagreinir 5.6 jafnrétti og sanngirni

Leiðir til úrbóta voru settar fram og snúa að því að finna árangursríkar leiðir sem tryggja virka þátttöku foreldra í skólalífinu. Sýna gildi skólans í verki, sýna gagnkvæma virðingu allra, alltaf og einnig að kenna nemendum með markvissum hætti gagnrýna hugsun, bera ábyrgð á orðum sínum, í sambandi við umræðuna um jafnrétti og annað.

[http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/afangaskýrsla\\_3\\_-2014\\_gaedagreinar.pdf](http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/afangaskýrsla_3_-2014_gaedagreinar.pdf)

## Líðan og einelti

Í skólanum er ekki einelti ekki liðið og því ljóst að þegar 6 % nemenda líður illa, 5% nemenda greina frá því að þeir séu oft eða frekar oft teknir fyrir og 31% segjast sjaldan eða frekar sjaldan vera teknir fyrir þá þarf að bregðast við.

Umbætur:

- Gæsla í skólanum verður bætt. Ekki verður fjölgað á gæslu heldur unnið að því að auka meðvitund þeirra sem eru á gæslu á hverjum tíma.
- Skipulögðum leikjum verður fjölgað á yngri stiginu í frímínútum og haldið áfram að efla skipulagt starf á unglingsstiginu í frímínútum. Unnið verður að því að efla virkni nemenda í skipulagi frímínútna.
- Í skólanum verður auka fræðsla sem námsráðgjafi fer með í bekk, frá 4. – 10. bekk ásamt umsjónarkennurum. Lögð verður áhersla á að virkja þá sem eru hlutlausir og fá þá til að taka afstöðu.
- Meiri fræðsla til foreldra á vegum skólans. Lögð áhersla á að fólk taki afstöðu í orði og verki gegn einelti og ögrandi framkomu og áreiti. **Eineltismál verða aldrei unnin eingöngu í skólanum. Börn þurfa stuðning foreldra til að taka afstöðu gegn einelti og stuðning þeirra til að vinna úr málum þegar þeir beita aðra ofbeldi. Foreldrar eru mikilvægustu fyrirmyndirnar.**
- Rætt verður við alla nemendur og foreldra þeirra sem sem nefndir eru í könnuninni sem gerendur. Skólastjórnendur sjá um það. Skólastjórnandi metur í hverju tilfalli með umsjónarkennara hvernig farið verður í málið.
- Hugað verður enn betur að þeim nemendum sem nefndir eru sem þolendur.

Frímínútur og skólalóðin voru nefnd sem þeir staðir þar sem einelti á sér helst stað. Unnar voru tillögur í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsmenn að endurbótum á skólalóð við Hafnarskóla og þær sendar til yfirmanns umhverfis- og skipulagssviðs bæjarins með ósk um aðgerðir.

[http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/lidan\\_einelti\\_2014.pdf](http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/lidan_einelti_2014.pdf)

## Nám og námsárangur

Skólasamfélagið vill sjá betri árangur í námi nemenda. Settari voru fram þróunaráætlanir til að bæta námsárangur í bæði íslensku og stærðfræði. Aðrar úrbætur sem stuðlað geta að betri námsárangri :

### Agi

- Fylgja eftir skólareglunum, samræma þær og vera samstíga í að fylgja þeim eftir.
- Allir láta sig alla nemendur varða. Við erum samábyrg.
- Æfa markvisst þögn/vinnufrið, þjáfa hlustun.
- Vinna eftir UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR.

### Kröfur

- Vera óhrædd við að gera kröfur á nemendur, bæði í námi og öllum samskiptum.
- Gera kröfur um leið og við mætum nemendum þar sem þeir eru staddir.
- Gera kröfur um gagnkvæma virðingu í öllum samskiptum milli nemenda þeirra á milli og milli nemenda og starfsfólks.
- Gera kröfur á starfsfólk (okkur sjálf) að vera samstíga.

### Áhugi

- Hjálpa nemendum að finna áhugasvið sitt og tengja það inn í námi þeirra.
- Tala jákvætt um námið og hjálpa nemendum að sjá tilganginn með náminu.
- Nota fjölbreyttar leiðir og fjölbreytt námsefni í kennslu.
- Kynna fjölgreindarkenningu Gardners fyrir nemendum.
- Mæta nemendum á þeirra forsendum (áhugi og geta - einstaklingsmiðun)
- Fá heimilin með okkur til samstarfs.

### Metnaður

- Efla sjálfstraust nemenda, allir eru góðir í einhverju.
- Fá nemendum verkefni við hæfi og tengja þau áhugasviði.
- Nemendur meti eigin vinnu.
- Nýta markmiðasetningu og áætlun.
- Efla samtál heimila og skóla.

**Samstarfi hefur verið komið á við skóla og skólaskrifstofuna í Reykjanesbæ um leiðir til að efla lestur, en sterk fylgni er á milli árangurs í lestri og annars náms.**

**Einnig er vinna við gerð lestrarstefnu fyrir skólann á lokastigi.**

[http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/textagr\\_og\\_anna\\_mat\\_2014.pdf](http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/textagr_og_anna_mat_2014.pdf)

### Spjaldtölvuvæðing skólans

Almenn ánægja ríkir meðal starfsmanna og nemenda vegna innleiðingar spjaldtölva í námi nemenda við skólann. Haldi verður áfram að vinna að faglegri notkun þeirra tækja í námi og kennslu.

[http://www.hornafjordur.is/media/haust-2014/textagr\\_og\\_anna\\_mat\\_2014.pdf](http://www.hornafjordur.is/media/haust-2014/textagr_og_anna_mat_2014.pdf)

### Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldis- og samskiptastefna skólans, Uppeldi til ábyrgðar hefur fest sig í sessi í stafi hans og eru starfsmenn almennt sáttir. Veita má nýjum starfsmönnum meiri stuðning og styrkja sérgreinakennara í að nýta sér bekkjarsáttmálana meira.

[http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/uta\\_sjalfsmat\\_2013-2014.pdf](http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/uta_sjalfsmat_2013-2014.pdf)

### Kátakkot

Aukin ánægja mælist meðal foreldra á starfsemi Kátakots á milli ára og eru nú 92,85% foreldra ánægðir með starfseminu þar og líðan barnanna. Umbætur sem unnið verður að þetta skólaár eru þessar:

- Haldið verður áfram að vinna að innra starfi Kátakots með það að leiðarljósi að auka fjölbreytni í starfi barnanna.
- Aðstaða verður bætt með því að lengda viðveran mun ein nýta það húsnæði sem hún er í.
- Kynning til foreldra í skólasetningarviðtölum að hausti á mikilvægi þátttöku þeirra í viðhorfakönnunum.
- Kynning til foreldra í skólasetningarviðtölum að hausti á mikilvægi þess að láta vita um allar breytingar á daglegri dvöl barnanna í Kátakoti.

[http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/lengd\\_vidvera\\_katakot\\_2014.pdf](http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/lengd_vidvera_katakot_2014.pdf)